

Fornám til ökunáms - valgrein

Kennarar: Linda B. Thorlacius

| 10

Skólaárið

2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Að nemandi:

- fái innsýn í ökunámið.
- læri að þekkja helstu umferðarmerki og vita hvernig á að fara eftir þeim.
- geti leyst verkefni tengd umferðarmerkjum/reglum.
- fái innsýn í afleiðingar umferðarslysa.
- fái innsýn í hvernig bifreið virkar.
- geti sett sig í spor annarra og unnið úr verkefnum tengdum umferð.

Nemendur byrja að undirbúa sig fyrir ökunámið sem má hefja við 16 ára aldur. Farið verður yfir umferðarmerkin, hvað þau þýða, hvernig farið er eftir þeim og hvað þarf helst að varast. Ýmis verkefni verða unnin í sambandi við umferð, umferðarmenningu og slysavarnir í nágrenni við skólann. Farið verður yfir helstu atriði hvernig bifreið virkar. Nemendur fræða yngri samnemendur um einfaldar umferðarreglur og öruggustu leiðirnar í skólann. Ýmis skemmtileg spil tengd umferð verða einnig spiluð.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Jan - feb - förum yfir umferðarreglurnar og merkin í bland við verkefni

feb - mars - kynnumst prófforminu og hvernig ökunámið fer fram

apr - maí - vinnum allskyns verkefni útfra umferð

Námsmat

Þátttaka í verkefnum, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Lokið/ólókið

Námsgögn

Glærur og allskyns efni af vef, ásamt efni frá kennara.

AS Fornám til ökunáms '23 - '24

- **Hæfnieinkunn**
- þekkt helstu umferðarmerki og vita hvernig á að fara eftir þeim
- unnið með öðrum að verkefnum
- leyst verkefni sem tengjast umferðarmerkjum og umferðarreglum
- átt í góðum samskiptum við aðra